

## Sýningar

**Art-Hún**  
Stangarhyl 7, sími 673577  
Í sýningarsal og vinnustofum eru til sýnis og sölu olíumálverk, pastelmyndir, grafík og ýmsir leirmyndir. Opíð er frá kl. 12-18.

**Ás, leirsmíðja, keramikgallerí, Ási, Mosfellsbæ**  
Opíð virka daga kl. 10-17 og laugardaga kl. 14-17. Lokað sunnudaga og mánudaga.

**Ásmundarsafn**  
Sigtúni, sími 32155  
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Náttúr- an í list Ásmundar Sveinssonar. Safnið er opið kl. 10-16 alla daga.

**Ásmundarsalur**  
Freyjugötu 41  
Torfi Ásgeirsson myndlistarmaður sýnir málverk. Sýningin stendur til sunnudagsins 24. október og er opin daglega kl. 14-22.

**Borgarkringlan - ljósmyndasýning**  
Ljósmyndarinn Jóhannes Long sýnir barnaljós- myndir út októbermánuð.

**Gallerí 11**  
Skólavörðustíg  
Á morgun kl. 16 verður opnuð sýning á tækifæris- verkum eftir Steingrím Eyfjörð og Lars Emil Árnason. Sýningin er sölusýning og stendur í tvær vikur.

**Gallerí Borg**  
Færeyski listamaðurinn Zacharias Heinesen sýnir um tuttugu málverk. Opíð virka daga kl. 12-18 og um helgar kl. 16-18. Henni lýkur 24. okt.

**Gallerí Fold**  
Austurstræti 3  
Opíð er í Gallerí Fold mánudaga til föstud. kl. 10-18 og laugard. kl. 10-16.

**Gallerí Hjú þeim**  
Skólavörðustíg 6b.  
Hjalti Einar Sigurbjörnsson hefur opnað sýningu á handþrykktum tréristum. Á sýningunni eru 8 verk og ber sýningin yfirskriftina Vörður. Sýningin stendur til 26. október og er opin mánudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 10-14.

**Gallerí Hulduhólar**  
Árgunnur Yr sýnir ný verk unnið á árinu 1993. Kallast verkin Himnar og eru olíumálverk unnið ymist á striga, lérfé eða í tré. Alls eru 26 verk á sýningunni sem er opin kl. 16-19.

**Gallerí List**  
Skipti  
Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opíð daglega kl. 10.30-18.

**Gallerí Sævars Karls**  
Bankastræti 9  
Birgir Björnsson sýnir málverk. Þetta er önnur einkasýning Birgis í Gallerí Sævars Karls og ber hún heitið „Nýjar myndir“. Sýningin er opin á verslunartíma, á virkum dögum kl. 10-18 og á laugardögum kl. 10-14.

**Gallerí Úmbra**  
Amtmannsstíg 1  
Ása Ólafsdóttir sýnir myndir, unnar með bland- aðri tækni. Þetta er tólfta einkasýning Ásu, sem auk þess hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýning- um hér heima og erlendis.

**Gerðuberg**  
Finna B. Steinsson hefur opnað myndlistarsýningu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin stendur til 14. nóv. Hún er opin frá kl. 10-22 mánuð. til fimmtud. og kl. 13-17 föstud. til sunnud.

**Hafnarborg**  
Strandgötu 34  
Þar stendur yfir sýning á verkum í eigu stofnunarinnar. Sýningin er haldin í tilefni af því að 10 ár eru liðin frá stofnun Hafnarborgar.

**Íslenska húsið**  
Fákafeni 9  
Nú stendur yfir samsýning fjölda listamanna á keramik, gleri og myndlist. Opíð alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-14.

**Kjarvalsstaðir**  
Á morgun kl. 16 verður opnuð yfirlitssýning á verkum eftir franska myndhöggvarann Auguste Rodin. Sýningin, sem kemur frá Rodinsafninu í París, hefur að geyma 62 höggmyndir og 23 ljós- myndir af listamanninum og umhverfi hans. Sýningin stendur til 5. desember.

**Nýlistasafnið**  
Vatnssstíg  
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Elisabet Norseng og Pétur Magnússon sýna í Nýlistasafninu. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-18 og henni lýkur sunnudaginn 24. október.

**Mokkakaffi**  
v/Skólavörðustíg  
Þar stendur yfir allóvanaleg sýning á ljósmyndum af líkamsræktarkonum eftir Bill Dobbins sem bú- settur er í Los Angeles í Kaliforníu og talinn í hópi færustu myndasmíða á sínu sviði. Sýningunni lýkur 7. nóvember.

**Nesstofusafn**  
Neströð, Seltjarnarnesi  
Safnið opið samkvæmt umtali. Upplýsingar í síma 611016.

**Norræna húsið**  
Þar stendur yfir sýning á listaverkum úr Skagen- safninu á Jótlandi. Á sýningunni eru verk eftir Önnu og Michael Ancher, Holger Drachmann, Viggo Johansen, P.S. Krøyer, Carl Locher, Laurits Tuxen, Viggo Johansen og Carl Madsen. Sýningunni lýkur sunnudaginn 24. október. Hún er opin daglega kl. 14-19.

**Nönnukot, kaffihús**  
Hafnarfirði  
Þóra Einarisdóttir og Yoko Þórðarson halda sýningu á verkum sínum í kaffihúsinu Nönnukoti. Sýningin stendur til 5. nóvember.

Kjarvalsstaðir:

# Merkustu listaverk sem komið hafa í húsið

„Þetta er yfirlitssýning á verkum Auguste Rodin sem talinn er vera einn af stórmönnum listasögunnar. Á sýningunni verða 62 höggmyndir og 23 ljósmyndir sem sýna umhverfi hans og verk. Sýningin kom hingað til lands í stórum gámi sjóleiðina frá Antwerpen,“ segir Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, en hingað til lands er komin sýning á höggmyndum og ljósmyndum Auguste Rodin sem tryggð eru fyrir tvo og hálfan milljarð.

Gunnar var spurður um álit sitt á því að hýsa svo mikil verðmæti að Kjarvalsstöðum. „Í rauninni sjáum við þetta ekki í slíku samhengi. Fyrir okkur eru þetta fyrst og fremst merkustu listaverk sem hafa komið inn í húsið og við berum mikla virðingu fyrir þeim sem slíkum. Þetta eru samt gífurleg verðmæti sem hér er um að ræða,“ segir Gunnar.


Á sýningunni verða meðal annars heimsþekkt verk eins og Hugsuðurinn, Hliðið að víti, Kossinn og Balzac.

-em

## Grafíksýning í Listasafni ASÍ

Í Listasafni ASÍ verður opnuð sýning á grafíkmyndum eftir Sigríð Valtíngöj. Þetta er tíunda einkasýning hennar auk þess sem hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga.

Sigríð er einn af okkar þekktustu grafíklistamönnum. Í verkum sínum lýsir hún á sterkan og frumlegan hátt áhrifum sínum frá íslensku landslagi.



Sigríð Valtíngöj er ein af okkar þekktustu grafíklistamönnum.

## Norræna húsið: Skagenmál- ararnir

– síðasta sýningarhelgi

Nú eru síðustu forvöð að sjá sýninguna á verkum Skagenmálaraanna, sem staðið hefur yfir í sýningarsölum Norræna hússins frá 23. september. Sýningunni lýkur á sunnudag. Á sýningunni í Norræna húsinu eru verk eftir Önnu og Michael Ancher, Holger Drachmann, Viggo Johansen, P.S. Krøyer, Carl Locher, Laurits Tuxen, Viggo Johansen og Carl Madsen. Skagensafnið á Jótlandi lánaði myndirnar.

## Sæborg í Garði: Gunnar Örn með mál- verkasýningu


Gunnar Örn myndlistarmaður opnar málverkasýningu á morgun kl. 14 í boði Gerðahrepps. Sýningin verður haldin í félagsheimilinu Sæborgu í Garði. Sýningin verður opin mánudag – föstudag kl. 18-21 og laugardag og sunnudag kl. 14-21.



Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, og Kristín Guðnadóttir safn- vörður ásamt einu listaverki Rodins. DV-mynd ÞÖK

## Stöðlakot: Steinleir og postulín

Nú stendur yfir sýning Ólafar Erlu Bjarnadóttur í Stöðlakoti við Bókhöðustíg 6. Ólöf Erla sýnir listmuni, unna í steinleir og postulín. Munirnir eru ýmist renndir eða mótaðir og margs konar brennslutækni notuð. Má þar nefna oxidorandi brennslu, saltbrennslu og svokallaða holu- brennslu. Flestir munirnir eru nytja- hlutir, ýmist seríur eða stakir hlutir.



Ólöf Erla sýnir mestmegnis nytja- hluti í Stöðlakoti.

## Listmunahúsið: Olíumálverk og pastelmyndir

Helga Magnúsdóttir opnar sýning- ar í Listmunahúsinu, Tryggvagötu 17, á laugardag og jafnframt í Listmunahúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Í Listmunahúsinu sýnir Helga olíu- málverk og í Listmunahúsi Ófeigs sýnir hún pastelmyndir, vatnslit og skissur. Verkin eru öll unnið á sama hátt í síð- astliðnum tveimur árum.



Helga sýnir olíumálverk, pastel- myndir, vatnslit og skissur.

Gallerí 11:

## Riddaraímynd gegn ógnvekjandi hlutum

Gallerí einn einn opnar sýningu á tækifærisverkum eftir Steingrím Eyfjörð og Lars Emil Árnason. Steingrímur sýnir 32 teikningar þar sem hann teflir riddaraímyndinni gegn hlutum sem fólk stafar ógn af; svip- uð ógn og James Bond stafaði af dr. No, en tilvitnir úr samnefndri mynd eru á verkunum. Myndaserían

sýnir tvær samfellur þar sem annars vegar er leitað fanga í vitundariðnað- inum og hins vegar í persónulegri upplifun. Þessar samfellur endur- taka sig á sama hátt í öllum 32 teik- ingunum. Lars Emil sýnir verk af ólíkum toga. Sýningin er sölusýning og stendur í tvær vikur.

## Sýningar

**Katel**  
Listhúsinu í Laugardal  
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda lista- menn: málverk, grafík og leirmyndir.

**Listasafn ASÍ**  
Grensásvegi  
Á morgun kl. 16 verður opnuð sýning á grafíkverk- um eftir Sigríð Valtíngöj. Sýningin er 10. einka- sýning hennar en auk þess hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin er opin daglega kl. 14-19, lokað á miðvikudögum. Sýningin stendur til 7. nóvember.

**Listasafn Einarssonar**  
Njarðargötu, sími 13797  
Safnið er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin all- a daga. Inngangur frá Freyjugötu.

**Listasafn Íslands**  
Yfirlitssýning á grafíkmyndum Braga Ásgeirssonar stendur nú yfir á efri hæð Listasafnsins. Er þetta fyrsta sýningin í nýjum flokki sérsýninga sem Lista- safnið hyggst standa fyrir á næstu árum. Á sýning- unni verða u.þ.b. 80 brykk frá 1952 til 1993. Lista- safn Íslands er opið daglega nema mánudaga kl. 12-18. Sýningunni lýkur 31. október.

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar**  
Laugarnestanga 70  
Þar stendur yfir sýning sem ber heitið Hugmynd- Höggmynd úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar. Úrval verka frá ólíkum tímabilum í list Sigurjóns hefur verið sett upp. Í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá vigslu Sigurjónssafns verður ókeypis að- gangur að safninu allar helgar í október milli kl. 14 og 17. Sérstök leiðsögn um safnið er á sunnu- dögum kl. 15 fyrir börn og foreldra. Sýningin mun standa fram á vor og er sérstaklega hönnuð með skólafólk í huga. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-17 og er kaffistofan opin á sama tíma.

**Listhús í Laugardal**  
Engjateigi 17, s. 680430  
Sjófn Har. Vinnust. er opin virka daga kl. 13-18 og kl. 11-16 laugardaga eða eftir samkomulagi. Guðbjörn Gunnarsson (Bubbi) sýnir höggmynd- ir. Sýningin stendur til 23. október og er opin alla daga kl. 10-18 nema sunnudaga kl. 14-18.

**Listinn**  
gallerí - innrömmun  
Stíumúla 32, sími 679025  
Uppsetningar eftir þekktu íslenska málara. Opíð virka daga kl. 9-18, laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga kl. 14-18.

**Listasafn Háskóla Íslands**  
Í Odda, sími 26806  
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opíð er daglega kl. 14-18. Að- gangur að safninu er ókeypis.

**Listmunahúsið**  
Hafnarhúsinu, Tryggvagötu  
Á morgun kl. 16 opnar Helga Magnúsdóttir sýning- ar í Listmunahúsinu og jafnframt í Listmunahúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Í Listmunahúsinu sýnir hún olíumálverk og í Listmunahúsi Ófeigs sýnir hún pastelmyndir, vatnslit og skissur. Verkin er öll unnið á sl. tveimur árum. Sýningarnar standa til 7. nóvember og er Listmunahúsið, Tryggva- götu, opið virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18. Listmunahús Ófeigs er opið virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 11-16.

**Portið**  
Strandgötu 50, Hafnarfirði.  
Berglind Sigurbardóttir sýnir olíumálverk. Sýning- in er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 14-18 til 31. október.

**Safn Ásgríms Jónssonar,**  
Bergstaðastræti 74, sími 13644  
Opnuð hefur verið sýning á vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar í safni hans við Bergstaða- stræti. Í vetur verður safnið opið á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30-16. Lokað í desember og janúar.

**Sjóminjasafn Íslands**  
Vesturgötu 8, Hafnarfirði, s. 654242  
Sjóminjasafnið er opið alla daga kl. 13-17.

**Snegla, listhús**  
Grettisgötu 7, v/Klappargstíg  
Þar stendur yfir myndlistarsýning Ernu Guðmars- dóttur. Sýningin er opin á opnunartíma Sneglu mánudaga til föstudaga kl. 12-18, laugardaga kl. 10-14. Sýningin stendur til 23. október.

**Stöðlakot**  
Bókhöðustíg 6  
Nú stendur yfir sýning Ólafar Erlu Bjarnadóttur. Hún sýnir listmuni, unna í steinleir og postulín. Sýningin stendur til 31. október og er opin frá kl. 14-18 virka daga.

**Póst- og símaminjasafnið**  
Austurgötu 11, Hafnarfirði, sími 54321.  
Opíð á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

**Vinnustofa Ríkeyjar**  
Hverfisgötu 59, sími 23218  
Þar eru til sýnis og sölu postúllinslagmyndir, mál- verk og ýmsir litir hlutir. Opíð er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstu- daga kl. 12-18 og á laugardögum kl. 12-16.

**Þjóðminjasafn Íslands**  
Opíð þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 12-17.

**Minjasafnið á Akureyri**  
Aðalstræti 58, sími 24162.  
Opíð daglega kl. 11-17.

**Listasafnið á Akureyri**  
Opíð alla daga kl. 14-18. Lokað mánudaga.